

102  
20. júlí

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á byggingarsamþykkt fyrir Kópavogshrepp.

Samkvæmt lögum nr. 19/1905 og lögum nr. 55/1921 hefur félagsmálaráðuneytið í dag staðfest byggingarsamþykkt fyrir Kópavogshrepp. Varnarþing í Kópavogshreppi.

Samþykkt þessi er í samræmi við fyrirmynd að byggingarsamþykktum, sem birt er með auglýsingu nr. 97 18. ágúst 1948 (Stj.tíð. B. bls. 167—185).

*Félagsmálaráðuneytið, 20. júlí 1954.*

F. h. r.

**Jón S. Ólafsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

103 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Ragnhildar Stefánsdóttur, Páls Benediktssonar, Steinunnar Gunnlaugsdóttur og Árna Jónssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. júlí 1954. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ragnhildar Stefánsdóttur, Páls Benediktssonar, Steinunnar Gunnlaugsdóttur og Árna Jónssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Foreldrasjóður, og er stofnaður af hjónunum Guðlaugu Pálsdóttur og Guðmundi Árnasyni, Gilsárstekk, í tilefni af 50 ára hjúskaparafmæli þeirra 2. okt. 1953, og til minningar um foreldra þeirra.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2000.00 — tvö þúsund krónur — og skal hann ávaxtaður í íslenskum banka, sem ríkið ábyrgist.

3. gr.

Allir vextir leggjast við höfuðstól til ársins 1980, en þá skal fyrst verja  $\frac{3}{4}$  vaxta til verðlauna samkv. 4. gr. 20 árum síðar skal næst veita verðlaun, og þá  $\frac{4}{5}$  ársvaxtanna. Síðan skal verðlaun veita á 10 ára fresti, og jafnan  $\frac{1}{5}$  ársvaxtanna í hvert sinn. Þegar sjóðurinn er orðinn 50 þúsund krónur, skal öllum vöxtum varið til verðlauna ár hvert, en höfuðstól má aldrei skerða.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna þann bónda, sem ber af um mikla fóðuröflun á jörð sinni, samfara afbragðs fóðrun búfjár, og þá húsfreyju, sem skarar fram úr í trú og siðgæði og góðum heimilisreglum. Starfssvæði sjóðsins er innan marka Breiðdalshrepps eins og þau nú eru.

## 5. gr.

Búnaðarfélag Breiðdæla er eigandi og skal sjá um sjóð þennan, og er félagsstjórnin jafnan stjórn sjóðsins, og ber félagið ábyrgð á, að sjóðurinn sé í öruggri vörzlu, og fé hans varið samkvæmt 4. grein.

Stjórn sjóðsins vinni kauplaust en útlagður kostnaður vegna gerðareikningsbókar o. þ. h. greiðist af vöxtum sjóðsins.

## 6. gr.

Ef Búnaðarfélag Breiðdæla verður lagt niður skal síðasta stjórn þess, ásamt þrem húsfreyjum, kosnum af giftum konum í Breiðdal gera þær breytingar sem nauðsynlegar eru á framkvæmdaatriðum, þó þannig að grundvallarskilyrðin haldi gildi sínu.

## 7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skulu reikningar jafnan lagðir fram endurskoðaðir á hverjum aðalfundi Búnaðarfélagsins.

## 8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Gilsárstekk 17. maí 1954.

Guðlaug Pálsdóttir.

Guðm. Árnason.

## REGLUGERÐ

### um mat og flokkun á kartöflum.

## 1. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal hafa á hendi:

- a. Verðskráningu kartaflna samkv. 8. gr. laga nr. 94 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, og 5. gr. laga nr. 31 1943, um verzlun með kartöflum o. fl.
- b. Eftirlit með að ákvæðum um flokkun á kartöflum sé fylgt og veita leiðbeiningar um flokkunina.

## 2. gr.

Framleiðsluráð ræður matsmann í Reykjavík og á öðrum helztu markaðsstöðum á landinu eftir því sem þörf krefur, og starfa þeir í umboði þess. Laun matsmanna skulu ákveðin af ráðherra.

## 3. gr.

Allar innlendar kartöflur, sem seldar eru til manneðis, skulu aðgreindar í þrjá flokka:

Úrvalsflokk, I. flokk og II. flokk.

## 4. gr.

Verzlunum er óheimilt að selja kartöflur í öðrum flokki en þeim, sem matsreglur ákveða. Sé vafi á því, í hvaða flokki selja skuli kartöflur, skal leita um það úrskurður hutaðeigandi matsmanns, en selja þær ella sem II. flokks vöru. Allar kartöflur, sem seldar eru í smásöluverzlunum, skulu greinilega auðkenndar með merkjum á umbúðum eða á annan hátt, svo að auðsætt sé, hvers flokks þær eru. Heiti tegundar (afbrigði) skal tilgreint á kartöflum, sem metnar hafa verið í úr-